

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. maí 2026.

Mál nr. E-3533/2025:

A

(*Grimur Már Þórólfsson lögmaður*)

gegn

íslenska ríkinu

(*Bragi Dór Hafþórsson lögmaður*)

Dómur

I Málsmeðferð og dómkröfur

- Mál þetta var höfðað 18. júní 2025. Það var dómtekið 13. maí 2026. Stefnandi er A, kt. [...], ótilgreindu heimilisfangi. Stefndi er íslenska ríkið.
- Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda bætur að fjárhæð 250.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 4. mars 2017 til 8. nóvember 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst hann málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.
- Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu. Þá bar vitni símleidis lögreglumaður nr. [...] sem kom að handtöku stefnanda og ritaði þær lögregluskýrslur sem liggja fyrir í málinu.

II Helstu málsatvik og ágreiningsefni

- Stefnandi var stöðvaður af lögreglu við umferðareftirlit á Hafnarfjarðarvegi í Garðabæ 4. mars 2017. Samkvæmt lögregluskýrslu 23. mars þess árs var ástæða þess sú að hann ók yfir gatnamót Vífilsstaðavegar og Hafnarfjarðarvegar á rauðu ljósi. Í skýrslunni

kemur fram að hann hafi neitað brotinu. Hann hafi verið beðinn um að koma yfir í lög-
reglubifreiðina til þess að skrifa vettvangsskýrslu vegna umferðarlagabrots.

6. Samkvæmt því sem kemur fram í lögregluskýrslunni vöknudu grunsemdir um að stefnandi hefði ekið bifreiðinni undir áhrifum fíkniefna. Hann þótti ör og æstur, þurr í munni, rauður í augum og með útþanda augasteina. Fram kemur að aðspurður um fíkniefnaneyslu hafi hann sagst hafa verið í mikilli fíkniefnaneyslu en ekki neytt fíkniefna í tíu daga, tvær vikur eða þrjár vikur. Í stefnu kemur fram að stefnandi hafi staðfastlega neitað því að vera undir áhrifum fíkniefna. Honum hafi ekki verið boðið að gangast undir öndunarpróf eða láta í té svita- og munnvatnssýni heldur hafi honum verið tilkynnt um að hann væri handtekinn og færður á lögreglustöð. Í skýrslu sem lögreglumaður nr. [...] gaf símleiðis við aðalmeðferð málsins sem vitni kom fram að hún teldi DrugWipe-próf ekki hafa verið í almennri notkun á þessum tíma. Grunsemdir þeirra hefðu byggst á mati á líkamlegum einkennum stefnanda sem þeim bæri að horfa til. Hún gat ekki sagt til um hvort til væri upptaka úr EyeWitness-búnaði í bifreiðinni.
7. Í skýrslugjöf fyrir dómi kvaðst stefnandi ekki átta sig á mati lögreglumannanna á ástandi hans. Hann hafi verið rólegur og átt vinsamleg samskipti við þá. Hann hafi viljað koma hreint fram og þess vegna skýrt þeim aðspurður frá fíkniefnaneyslu sinni. Ástæða þess að hann hafi nefnt fleiri en eitt tímamark síðustu neyslu hafi verið að hann hafi hugsað sig betur um eftir að hafa veitt þeim fyrstu svör.
8. Á lögreglustöðinni var stefnandi beðinn um að láta í té þvagsýni. Í skýrslu lögreglu kemur fram að hann hafi sagst eiga í vandræðum með að kasta af sér þvagi þegar einhver væri að horfa á hann. Honum hafi verið kynnt að hann væri handtekinn, grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna og kynnt réttarstaða sakbornings. Honum hafi einnig verið kynntur réttur hans á verjanda á öllum stigum máls. Í skýrslu um handtökuna kemur fram að stefnandi hafi verið handtekinn kl. 00:53. Í málinu liggur fyrir upplýsingablað handa þeim sem hafa verið handteknir, undirritað af stefnanda 4. mars 2017 kl. 02:32.
9. Í skýrslu lögreglu kemur fram að stefnandi hafi drukkið yfir tíu glös af vatni og lögreglumönnum hafi virst hann halda í sér. Í skýrslu stefnanda fyrir dómi kom fram að hann teldi geta staðist að hann hefði drukkið þetta mörg vatnsglös. Það hafi verið af því að

hann vildi verða við því að gefa þvagsýni til þess að losna úr haldi og komast hjá blóðsýnatöku sem hann vildi síður gangast undir. Hann hafi ítrekað reynt að kasta af sér þvagi allt þar til blóðsýnið var tekið.

10. Í skýrslu lögreglu kemur fram að hringt hafi verið á hjúkrunarfræðing og afleiðingar þess að neita að láta í té þvagsýni útskýrðar fyrir stefnanda. Hjúkrunarfræðingurinn hafi komið og dregið blóð úr honum í þágu rannsóknar málsins. Blóðtökuvottorð, sem liggur fyrir í gögnum málsins, er tímasett kl. 02:50. Þá kemur fram í skýrslunni að stefnanda hafi verið boðið að láta í té þvagsýni eftirlitslaus að blóðtökunni lokinni en hann hætt við að þiggja það þegar honum var bannað að hafa kveikt á krana á meðan.
11. Í skýrslu um handtökuna kemur fram að stefnandi hafi verið látinn laus kl. 02:55. Niðurstaða rannsóknar á blóðsýni úr stefnanda liggur fyrir í matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði frá 17. mars 2017. Þar kemur fram að þau ávana- og fíkniefni sem rannsóknarbeiðnin tók til væru ekki í mælanlegu magni í sýninu. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um það hvenær máli á hendur stefnanda lauk en í bréfi ríkislögmanns til lögmanns hans 13. maí 2025, sem liggur fyrir í gögnum málsins, kemur fram að það hafi verið fellt niður. Honum var ekki gerð sekt fyrir að hafa ekið gegn rauðu ljósi.
12. Með bréfi til ríkislögmanns 8. október 2024 krafðist stefnandi miskabóta vegna handtöku, líkamsrannsóknar og frelsissviptingar í þrjár klukkustundir, að fjárhæð 250.000 kr., og vegna lögmannskostnaðar, að fjárhæð 250.000 kr., auk vaxta og dráttarvaxta. Kröfunni var hafnað með bréfi 13. maí 2025.

III Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

13. Stefnandi krefst bóta vegna handtöku og blóðsýnatöku. Hann byggir kröfur sínar á hlutlægni bótaábyrgð ríkisins samkvæmt 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
14. Stefnandi byggir á að hann hafi ekki stuðlað að þeim aðgerðum lögreglu sem hann reisir kröfu sína á. Skilyrði um orsakatengsl milli háttsemi hans og aðgerða lögreglu séu ekki fyrir hendi og hann hafi ekki getað séð fyrir að hann myndi sæta þeim. Þannig kveðst

hann ekki hafa ekið gegn rauðu ljósi en alltént varði slíkt brot sektum og hefði átt að afgreiða á vettvangi án handtöku. Ekki hafi verið fyrirsjáanlegt að þetta ætlaða brot gæti leitt til þeirra aðgerða lögreglu sem hann þurfti að sæta. Stefnandi kveðst jafnframt staðfastlega hafa neitað því að hafa ekið bifreið undir áhrifum fíkniefna umrætt sinn. Það hafi síðar verið staðfest með matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Fyrri neysla hans geti ekki hafa valdið eða stuðlað að aðgerðum lögreglu. Stefnandi hafnar því jafnframt að hafa veitt óskýr svör um það hvenær hann hafi síðast neytt fíkniefna. Þvert á móti hafi hann veitt skýr og greinargóð svör um að langur tími hafi liðið frá síðustu neyslu hans þar til hann ók bifreiðinni þennan dag. Samskipti hans við lögreglu hafi verið eðlileg og hreinskiptin af hans hálfu en aðstæður hafi verið erfiðar og þvingandi og hann hafi verið spurður leiðandi spurninga. Þá mótmælir hann lýsingu í lögregluskýrslu á ástandi sínu. Hann byggir á að stefndi hafi ekki orðið við áskorun um að leggja fram myndupptöku úr lögreglubifreiðinni. Því verði að samþykkja frásögn stefnanda af samskiptum hans við lögreglumennina og leggja hana til grundvallar í málinu.

15. Stefnandi byggir á að enginn rökstuddur grunur hafi verið um að hann hefði framið brot sem varðaði fangelsisrefsingu að lögum. Þannig hafi engin ástæða verið til að ætla að hann hefði ekið undir áhrifum ávana- og fíkniefna og þar með gerst brotlegur við ákvæði það sem nú er í 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Það sé skilyrði þess að heimilt sé að færa ökumann til blóð- og þvagrannsóknar. Hann bendir á að ekki hafi verið tekið munnvatnssýni til þess að renna stoðum undir slíkan grun. Með því hefði verið hægt að komast hjá því að beita hann þvingunaraðferðum umrætt sinn. DrugWipe-próf hafi verið í notkun í tvo áratugi og gert ráð fyrir því í reglugerð nr. 301/2008 um töku sýna og rannsókn vegna aksturs undir áhrifum vímuefna.
16. Stefnandi byggir enn fremur á að taka blóðsýna sé taka lífsýna í skilningi 77. gr. laga nr. 88/2008. Fyrir slíkri lífsýnatöku þurfi dómsúrskurð eða ótvírætt samþykki þess sem í hlut á. Hvorugt hafi verið fyrir hendi. Þá verði líkamlegum erfiðleikum við að kasta af sér þvagi ekki jafnað við að hann hafi stuðlað að því að nauðsynlegt hafi verið að grípa til blóðsýnatökunnar.

17. Stefnandi byggir á að handtaka hans og frelsissvipting hafi valdið honum álitshnekki og andlegri vanlíðan. Þá hafi það valdið honum miska að hafa verið látinn undirgangast blóðsýnatöku, og þar með líkamsrannsókn, að tilhæfulausu. Með því hafi verið gengið nærri friðhelgi einkalífs hans og líkama. Í skýrslu stefnanda fyrir dómi kom jafnframt fram að blóðsýnataka hefði verið harkaleg og nokkuð hefði blætt úr honum eftir hana.
18. Í stefnu skoraði stefnandi á stefnda að leggja fram fyrir dómi upptökur úr búkmyndavélum lögreglumannanna og/eða EyeWitness-búnaði lögreglubifreiðarinnar í málinu svo unnt yrði með óyggjandi hætti að ákvarða hvað stefnanda og lögreglumönnunum hefði farið á milli.

IV Helstu málsástæður og lagarök stefnda

19. Stefndi mótmælir málatilbúnaði og málsástæðum stefnanda sem röngum, órökstuddum og ósönnuðum. Stefndi byggir á því að öllum lögmætum skilyrðum til aðgerða lögreglu hafi verið fullnægt. Lögregla hafi farið í öllu að lögum og reglum. Meðalhófs hafi verið gætt í hvívetna.
20. Stefndi byggir á að akstur stefnanda yfir gatnamót gegn rauðu ljósi hafi veitt lögreglu réttmætt tilefni til afskipta og stöðvunar ökutækis hans. Við afskipti lögreglumanna af stefnanda hafi þeir orðið varir við einkenni í fari hans sem almennt séu tengd við fíkniefnaneyslu. Þá hafi hann sjálfur viðurkennt að hafa verið í mikilli fíkniefnaneyslu. Þessi einkenni, ásamt akstri gegn rauðu ljósi, hafi skapað rökstuddan grun um akstur undir áhrifum ávana- og/eða fíkniefna sem þeim hafi borið að kanna nánar á grundvelli varnaðarsjónarmiða. Handtaka hans hafi því fullnægt öllum skilyrðum 90. gr. laga nr. 88/2008. DrugWipe-próf hafi ekki verið komin í almenna notkun lögreglu á þessum tíma. Auk þess hafi engin skylda hvílt á lögreglu til að framkvæma slíkt próf áður en til frekari sýnatöku kom.
21. Stefndi byggir á að þótt stefnandi hafi verið beittur þvingunaraðgerðum umrætt sinn hafi hann sjálfur valdið þeim aðgerðum sem kröfur hans séu reistar á og því beri að fella niður bætur til hans, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Í greinargerð er byggt á að stefnandi hafi valdið aðgerðunum með því að aka yfir á rauðu ljósi. Misvísandi og ruglingslegur framburður hans hafi síðan stuðlað enn fremur að þeim. Auk þess hafi hann

viðurkennt að hafa verið í mikilli fíkniefnaneyslu. Hann hafi mátt gera ráð fyrir að þessi háttsemi myndi leiða til handtöku og annarra aðgerða sem hafi þannig verið sennileg afleiðing af háttsemi hans. Við munnlegan málflutning dró stefndi þó lítillega úr mála-tilbúnaði sínum að þessu leyti með því að leggja áherslu á að akstur stefnanda gegn rauðu ljósi hefði verið tilefni afskipta lögreglu en tilefni handtökunnar hefði aftur á móti verið sá grunur sem vaknaði við samskipti lögreglumannanna við stefnanda á vettvangi. Hann hafi verið byggður á einkennum sem þeim hafi borið að líta til og leggja nánara mat á. Niðurstaða blóðrannsóknar sem síðar fór fram hafi þess vegna ekki þýðingu við mat á því hvort orsakatengsl hafi verið milli háttsemi stefnanda og aðgerða sem lögreglan greip til.

22. Stefndi byggir á að við mat á því hvort stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að aðgerðum lögreglu megi líta til þess að hann hafi viðurkennt fíkniefnaneyslu. Dómafrankvæmd sé fyrir því að það sé tækt þótt nokkuð sé um liðið frá þeirri neyslu. Því er mótmælt að ekki hafi mátt ljá yfirlýsingum stefnanda við lögreglumenn á vettvangi slíka þýðingu.
23. Stefndi byggir á að þegar lögregla hafi leitast við að afla þvagsýnis frá stefnanda hafi hann sýnt skort á samvinnu og reynt að koma í veg fyrir sýnatökuna með því að halda í sér og drekka mikið af vatni. Með þessu hafi hann sjálfur stuðlað að því að þurft hafi að grípa til blóðsýnatöku. Stefndi byggir jafnframt á að blóðsýnataka á grundvelli þeirrar heimildar sem nú er í 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga verði ekki lögð að jöfnu við líkamsrannsókn samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga nr. 88/2008 og vísar til athugasemda í greinargerð með frumvarpi er varð að fyrrnefndu lögunum því til stuðnings. Áskilnaður sem nú sé í 4. mgr. 52. gr. umferðarlaga um dómsúrskurð eða ótvírætt samþykki eigi við um þvagrannsókn en ekki blóðsýnatöku við þessar aðstæður. Þá hafi því ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda að hann hafi veitt samþykki fyrir sýnatökunni. Þótt það leiði ekki til þess að bótaréttur hans falli niður hafi það þýðingu fyrir mat á atvikum málsins að öðru leyti.
24. Í tilefni af áskorun stefnanda um að leggja fram upptökur úr búkmyndavélum og/eða EyeWitness-búnaði lögreglubifreiðarinnar í málinu tekur stefndi fram að slíkar upptökur sé ekki að finna í fórum lögreglu. Stefndi mótmælir því jafnframt að aðilaskýrsla stefnanda verði lögð til grundvallar í málinu. Stefndi vísar til þess að ekki hafi komið

fram skýringar á þeim langa tíma sem leið frá því að atvik málsins áttu sér stað og matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði lá fyrir, 17. mars 2017, þar til stefnandi gerði bótakröfu sína, 8. október 2024. Stefnandi verði því að bera hallann af því ef sönnun um atvik málsins reynist erfið. Horfa verði til þeirra samtímagagna sem liggja fyrir í málinu. Það séu skýrslur lögreglu sem teljist réttar þar til annað sannast, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 91/1991.

25. Stefndi styður varakröfu um lækkun miskabóta við að fjárhæð dómkrafna stefnanda sé of há að teknu tilliti til dómaframkvæmdar. Ekki hafi verið lögð fram gögn sem styðji kröfu um svo háar miskabætur. Áhrifum handtöku og blóðsýnatöku sé lýst í stefnu og hafi verið lýst fyrir dómi en engin gögn séu lögð fram til sönnunar um þau.
26. Loks mótmælir stefndi vaxtakröfu stefnanda sem rangri og órökstuddri og vísar til þess að miskabætur á grundvelli 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 séu dæmdar að álitum og beri ekki skaðabótavexti. Við munnlegan málflutning skýrði stefndi þessa kröfu nánar með þeim hætti að ekki væri byggt á því að langt væri um liðið frá atvikum málsins heldur ætti aðferðin við að ákveða fjárhæð bótanna, þ.e. að álitum, að leiða til þessarar niðurstöðu. Upphafsstigi dráttarvaxta er einnig mótmælt og telur stefndi að dráttarvexti skuli miða við dómsuppsögu verði fallist á rétt stefnanda til bóta.

V Niðurstaða

27. Í 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála kemur fram að maður sem hefur verið borinn sökum í sakamáli eigi rétt til bóta samkvæmt 2. mgr. sömu greinar ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann væri talinn ósakhæfur. Í 2. málslíð 2. mgr. greinarinnar kemur fram að dæma skuli bætur vegna þvingunarráðstafana samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó megi fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Ekki eru sett frekari skilyrði fyrir hlutlægri bótaábyrgð samkvæmt þessari lagagrein og skiptir ekki máli í því sambandi hvort lögsmæt skilyrði hefur brostið til aðgerða sem hafa haft í för með sér tjón eða ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til að grípa til þeirra eða þær verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Stefnandi var handtekinn við almennt umferðareftirlit 4. mars 2017 og undirgekkst í framhaldi af því blóðrannsókn á lögreglustöð, auk þess sem tilraun var gerð til að afla þvagsýnis frá honum. Aðgerðirnar sem hann sætti voru byggðar á 2. mgr. 47. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem lögreglu var fengin heimild til að færa öku- mann til rannsóknar á öndunar-, svita- og munnvatnssýni eða til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða væri til að ætla að hann hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laganna, þar á meðal um bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna, eða hann neitaði lög- reglunni um að gangast undir öndunarpróf eða láta í té svita- eða munnvatnssýni eða væri ófær um það. Hlutlæg bótaregla 246. gr. laga nr. 88/2008 á því við um sakarefni málsins með lögjöfnun, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 363/2024. Stefndi byggir aftur á móti á því að eigin sök stefnanda eigi að leiða til þess að bætur til hans verði felldar niður eða lækkaðar, sbr. 2. málslíð 2. mgr. þeirrar lagagreinar.

28. Stefnandi var með fyrrgreindum aðgerðum lögreglu 4. mars 2017 borinn sökum um refs- vert brot í sakamáli. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær eða með hvaða hætti málinu lauk gagnvart honum. Þó er óumdeilt að sakamálinu lauk án þess að gefin væri út ákæra á hendur honum og að málið var felld niður. Því verður lagt til grundvallar að skilyrðum 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 sé að þessu leyti fullnægt.
29. Eins og fyrr greinir verða bætur samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 aðeins felldar niður eða lækkaðar ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að aðgerðum gegn sér. Í ljósi meginreglu um bótarétt sakaðra manna við þær aðstæður sem ákvæðið lýsir ber að skýra þröngt heimild til að fella niður bætur eða lækka þær á þessum grundvelli og ber stefndi sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði séu til þess, sbr. dóm Landsréttar frá 16. desember 2022 í máli nr. 599/2021. Þá þurfa að vera fyrir hendi orsakatengsl milli háttsemi sak- bornings og þeirra þvingunarráðstafana sem hann hefur mátt sæta. Þær þvingunar- ráðstafanir verða jafnframt að vera fyrirsjáanleg afleiðing af háttseminni.
30. Akstur gegn rauðu ljósi gefur lögreglu réttmætt tilefni til afskipta af þeim sem verður uppvís að því. Það eitt leiðir ekki til þess að ökumaðurinn megi vænta þess að þurfa að sæta þeim rannsóknar- og þvingunaraðgerðum sem mælt var fyrir um í 2. mgr. 47. gr. þágildandi umferðarlaga. Slíkt ökulag getur hins vegar, í samhengi við önnur atriði eins og ástand og háttsemi ökumannsins, orðið til þess að hann geti reiknað með því að þurfa

að undirgangast rannsóknir til þess að hægt sé að upplýsa hvort hann hafi brotið gegn bannreglum umferðarlaga við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

31. Samkvæmt lögregluskýrslu vaknaði grunur með lögreglumönnum um að stefnandi væri undir áhrifum ávana- og fíkniefna eftir að þeir höfðu stöðvað hann og rætt við hann. Hann þótti ör og æstur, þurr í munni, rauður í augum og með útþanda augasteina. Í málinu er jafnframt óumdeilt að stefnandi veitti lögreglu upplýsingar um að hann hefði verið í mikilli fíkniefnaneyslu og hefði síðast neytt fíkniefna fyrir tíu dögum, tveimur vikum eða þremur vikum. Stefndi hefur byggt á því að þessi framburður hafi verið misvísandi og ruglingslegur og hafi, ásamt einkennum stefnanda, stuðlað að aðgerðum lögreglu. Fyrir liggur að í lögreglubifreiðinni var ekki DrugWipe-próf sem unnt hefði verið að nota til að athuga hvort væru á að stefnandi væri undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

32. Mat lögreglumannanna á ástandi og einkennum sem þeir tóku eftir í fari stefnanda var huglægt. Að virtum fyrirleggjandi gögnum málsins eru engar forsendur af hálfu dómsins til að gera athugasemdir við mat þeirra eða ákvörðun, reista á því mati, um að færa stefnanda til nánari rannsóknar í samræmi við 2. mgr. 47. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Í því sambandi athugast að ekki verður séð að 2. mgr. 47. gr. hafi falið í sér skyldu lögreglu til að hafa í lögreglubifreið búnað til að taka svita- eða munnvatnssýni. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á að til séu upptökur úr búkmyndavélum eða EyeWitness-búnaði lögreglubifreiðarinnar. Því verður ekki litið svo á að stefndi hafi samþykkt frásögn stefnanda af samskiptunum að því leyti sem á milli ber í lýsingu á þeim, sbr. 68. gr. laga nr. 91/1991. Af þessu leiðir þó ekki sjálfkrafa að stefnandi verði talinn hafa orsakað eða stuðlað að þeim þvingunar- og rannsóknarráðstöfunum sem hann sætti þannig að bótaréttur hans falli brott eða bætur til hans verði lækkaðar. Framburður stefnanda samkvæmt lögregluskýrslu um hversu langt var liðið frá síðustu neyslu hans á fíkniefnum fól efnislega í sér að tíu dagar í það minnsta væru liðnir frá því að hann hefði neytt fíkniefna og verður að skilja þannig að með því hafi hann komið á framfæri að hann teldi ekki hættu á að hann væri undir áhrifum ávana- og fíkniefna við aksturinn. Ekkert liggur fyrir um að sá framburður hafi verið rangur eða verið þess eðlis að stefnandi hafi valdið eða stuðlað að umræddum ráðstöfunum eða mátt sjá þær fyrir. Þá er ekkert komið fram um að stefnandi hafi brotið gegn umferðarlögum með akstri undir áhrifum. Í málinu liggur fyrir matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði frá 17.

mars 2017 þar sem fram kemur að þau ávana- og fíkniefni sem rannsóknarbeiðnin tók til væru ekki í mælanlegu magni í sýninu. Að öllu þessu virtu verður stefndi ekki talinn hafa sýnt fram á að stefnandi hafi með framburði sínum á vettvangi eða með öðrum hætti valdið eða stuðlað að handtöku sinni þannig að rök standi til þess að fella niður eða lækka bætur til hans á grundvelli 2. málsliðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.

33. Stefndi byggir einnig á að þegar lögregla leitaðist við að afla þvagsýnis frá stefnanda hafi hann sýnt skort á samvinnu og reynt að koma í veg fyrir sýnatökuna með því að halda í sér og drekka mikið af vatni. Með þessu hafi hann sjálfur stuðlað að því að þurft hafi að grípa til blóðsýnatöku. Fyrir liggur að ekki tókst að afla þvagsýnis frá stefnanda með atbeina hans. Skýringarnar sem hann hefur færð fram eru að hann sé haldinn vanda sem er tiltölulega vel þekkt og ekki óalgengt afbrigði félagsfælni, þ.e. að hann eigi erfitt með að kasta af sér þvagi fyrir framan aðra. Þótt stefnandi hafi ekki lagt fram gögn sem styðja þetta verður að líta til þess að sönnunarbyrðin um eigin sök hans hvílir á stefnda. Þegar atvik málsins, eins og þau liggja fyrir, eru metin heildstætt verður ekki talið að stefnda hafi tekist sönnun um að ætlun stefnanda hafi verið að torvelda sýnatökuna og hann með því valdið eða stuðlað að þeirri rannsóknaraðgerð þannig að rök standi til þess að fella niður eða lækka bætur til hans á grundvelli 2. málsliðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.
34. Að öllu framangreindu virtu á stefnandi rétt til bóta úr hendi stefnda samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Fyrir liggur að stefnandi sætti frelsissviptingu í rúmlega tvær klukkustundir og þurfti að gangast undir blóðsýnatöku. Hann var látinn laus að henni lokinni. Við mat á fjárhæð bóta ber að líta til þess að gögn málsins bera ekki annað með sér en að réttra aðferða hafi verið gætt við handtökuna. Ekkert liggur fyrir um þá framkomu við hann sem hann lýsti fyrir dómi eða hörku við blóðsýnatöku. Þá hefur stefnandi ekki lagt fram önnur gögn um afleiðingar eða áhrif handtökunnar á hann. Því verður ekki byggt á því að miski hans að því leyti hafi verið meiri en almennt má vænta. Metnar að álitum og í ljósi atvika þykja bætur á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 til handa stefnanda hæfilega ákveðnar 150.000 kr., auk vaxta og dráttarvaxta.
35. Stefndi hefur gert kröfu um að skaðabætur hans beri vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 4. mars 2017 til 8. nóvember 2024, en dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu með vísan til þess að miskabætur á

grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 séu dæmdar að álitum og beri ekki skaðabótavexti og vísar til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um það. Hann telur jafnframt að dráttarvexti eigi að miða við dómsuppsögu.

36. Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 kemur fram að sé fjárhæð skaðabótakröfu miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð beri krafan vexti frá þeim tíma. Með hliðsjón af dómaframkvæmd eru ekki efni til annars en að ákveða að stefndi skuli greiða vexti af höfuðstól skaðabóta stefnanda frá 4. mars 2017 þegar hann var handtekinn og gert að gangast undir blóðsýnatöku, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001.
37. Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 1. málslíð 9. gr. laga nr. 38/2001. Dómstólar geta þó, ef sérstaklega stendur á, ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta, sbr. 2. málslíð sömu greinar. Í stefnu kemur fram að dráttarvaxtakrafa sé miðuð við það tímamark þegar mánuður var frá því að stefndi móttók kröfubréf stefnanda. Kröfubréfið er meðal gagna málsins og er dagsett 8. október 2024. Stefndi hefur ekki mótmælt því að hafa móttekið bréfið þann dag. Telja verður að þá hafi stefndi haft þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvikið og fjárhæð bóta. Upphafstími dráttarvaxta miðast því við 8. nóvember 2024.
38. Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður. Stefnanda var veitt gjafsókn samkvæmt útgefnu gjafsóknarleyfi 11. september 2025. Allur kostnaður hans af málinu verður því greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans sem er hæfilega ákveðin 650.000 kr. að teknu tilliti til efnis og umfangs málsins og með hliðsjón af vinnuskýrslu. Í samræmi við dómvenju er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar.
39. Grímur Már Þórólfsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda. Bragi Dór Hafþórsson lögmaður flutti málið fyrir stefnda.
40. Særún María Gunnarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómari tók við málinu 17. mars 2026 og kom ekki að rekstri þess fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 150.000 kr. með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 4. mars 2017 til 8. nóvember 2024, en síðan frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga til greiðsludags.

Málkostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun Gríms Más Þórólfssonar lögmanns, sem telst hæfilega ákveðin 650.000 kr.